

Lög foreldrafélags Leikskólans Sólvalla.

1. grein

Félagið heitir " Foreldrafélag Leikskólans Sólvalla" og er opið foreldrum og forráðamönnum barna í leikskólanum. Félagið er einnig opið starfsfólki leikskólans.

2. grein

Markmið félagsins er að stuðla að velferð barna í Leikskólanum Sólvöllum og styrkja samskipti á milli foreldra, starfsfólks og barna.

3. grein

Stjórn félagsins er skipuð af foreldrum þriggja barna auk áheyrnafulltrúa frá leikskólanum. Leikskólastjóri velur áheyrnafulltrúa hvert skólaár. Tveir fulltrúar eru kjörnir ár hvert á aðalfundi. Formaður dregur tvö börn úr næst elsta árgangi á leikskólanum, fyrsti sem er dregin verður formaður næsta skólaár. Formaður situr áfram í stjórn næsta skólaár sem stjórnarmeðlimur. Tilnemt foreldra fyrir 15 maí. Skytt er að halda fundargerðarbók.

4. grein

Aðalfund skal halda á tímabilinu 15. apríl- 15. maí ár hvert, starfsár stjórnar foreldrafélagsins er frá 1. október ár hvert. Boða skal til aðalfundar með minnst viku fyrirvara. Ef félagsmenn 5 eða fleiri óska eftir fundi er stjórninni skytt að boða til fundar. Leikskólastjóri sendir tölvupóst, formaður setur inn á Facebook hóp foreldrafélagsins og sett tilkynningu í fataklefa.

5. grein

Upphæð félagsgjalda skal ákveða á aðalfundi og sendur verður reikningur í heimabanka 1. nóvember ár hvert. Uppgjör skal leggja fram á aðalfundi ár hvert.

6. grein

Ef foreldrar viðkomandi barns sem er valið getur ekki verið vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Finna þau nýja foreldra úr sama árgangi og barnið og tilkynni stjórninni það.

7. grein

Lögum foreldrafélagsins má einungis breyta á aðalfundi. Tillögur til lagabreytinga verða að hafa borist stjórninni skriflega í síðasta lagi 5 dögum fyrir auglýstan aðalfund.